

á hverjum tíma, og semur um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Langár og Urriðaár. Heimili þess og varnarþing er í Mýrasýslu.

2. gr.

Félagið tekur til allra jarða, sem land eiga að Langá og Urriðaá, en félagssvæðið er frá ósi í sjó að miðlunarstíflu við Langavatn, öll Urriðaá, svo og fiskgengir lækir, sem í þessi vötn falla. Jarðir þær, sem lönd eiga að Langá, eru: Í Borgarhreppi: Rauðanes, Ánabrekka, Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Litla-Fjall og Borgarhreppur. Í Álfaneshreppi: Grenjar, Hvítstaðir, Árbær, Háhóll, Langárfoss, Leirulækur, Lambastaðir og Álfaneshreppur. Auk fimm ofantaldra jarða í Álfaneshreppi eiga lönd að Urriðaá: Smiðjuhóll, Urriðaá, Valshamar, Álftártungukot og Grímsstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins og deilda þess, sem eru Langárdeild og Urriðaárdeild, er að stunda fiskrækt og viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðunum og ráðstafa veiði á þann hátt, sem aðalfundur ákveður, sbr. þó 44. grein laga nr. 76/1970, um lax- og

silungsveiði, eða síðari lagaákvæði um það efni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðunum.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þar sem um deildarskiptingu er að ræða, skulu formenn deildanna ávallt eiga sæti í stjórn félagsins. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu eða endurkosningu, nema sérstök forföll hamli. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda og aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins og deilda þess, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða viðkomandi landeiganda. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki svo og nafn þess er veiðiheimild hefur.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal stjórnin leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar aðalfundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði og gjöldum varðandi félagssvæðin skal skipt niður á félagsmenn skv. arðskrá.

9. gr.

Eins og áður segir starfar félagið í tveim deildum: Langárdeild og Urriðáardeild. Skal hvor deild sjá um sérmál sín, ráðstöfun á veiði á sínu veiðisvæði, þó með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur sbr. og 44. gr. laga nr. 76/1970 og/eða síðari laga. Hvor deild skal innbyrðis kjósa sér stjórn á grundvelli samþykktu þessara og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þrem vikum fyrir aðalfund félagsins.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.